

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 1998

16. júlí 1998

1465

Nr. 445

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 418, 27. júní 1997,
um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Í 1. gr. reglugerðarinnar komi í stað: „1997“: 1998 og í stað: „1998“ komi: 1999.

2. gr.

Í stað: „14.135 kr.“ í 2. gr. reglugerðarinnar komi: 14.642 kr.

3. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. Í 1. mgr. komi í stað: „155 kr.“: 166 kr. og í stað: „2.525 kr.“ komi: 2.615 kr.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. Í stað: „og“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: og/eða.

d. 3. málsl. 3. mgr. orðist svo: Við útreikning á gjaldinu skal miða við landaðan afla viðkomandi krókabáts á tímabilinu 1. ágúst 1997 til 31. júlí 1998 af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðarár 1997/1998 eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu.

4. gr.

5. gr. orðist svo: Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi þorskígildisstuðla: Þorskur 1,00, ýsa 1,05, ufsi 0,65, karfi 0,70, grálúða 2,15, skarkoli 1,20, sandkoli 0,65, steinbítur 0,85, langlúra 1,20, skrápflúra 0,60, rækja 1,20, humar (slitinn) 8,55, hörpudiskur 0,40, síld 0,14 og loðna 0,08.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. júlí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

B 100
Gutenberg